

Tillaga að

STARFSLEYFI

Olúbirgðastöð

Olúdreifing ehf.

Grundarfirði, við Nesveg 4b og 10
(lögheimili Hólmaslóð 8-10, Reykjavík)
Kt.: 660695-2069

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Olúdreifingu ehf. kt. 660695-2069, vegna reksturs olúbirgðastöðvar við Nesveg 4b og 10 á Grundarfirði. Olúdreifing ehf. er hér eftir nefnd rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstri olúbirgðastöðvarinnar getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

Rekstraraðili getur falið verktaka að annast fyrir sig verk, enda hafi hann þá gengið úr skugga um að viðkomandi hafi öll tilskilin leyfi. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfis sé fylgt.

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

1.2 Umfang starfseminnar

Heimilt er að geyma allt að 1.120 m³ af olíu í stöðinni, þar af 664 m³ við Nesveg 4b og 456 m³ við Nesveg 10. Pró skal vera á báðum stöðum í samræmi við geymslurýmið sbr. gr. 3.2. Auk þess er gert ráð fyrir rekstri löndunar- og afgreiðslubúnaðar við bryggju, ílátum og öðrum búnaði fyrir íblöndunarefni í eldsneyti, afgreiðslubúnaði á flutningstanka og öðrum búnaði í samræmi við lög og reglugerðir.

Í stöðinni er einnig heimil móttaka úrgangsolíu og í því sambandi er heimilt að tappa vatnsfasa undan úrgangsolíugeymi sbr. skilyrði í grein 3.4.

Starfsemin skal rekin í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við ákvæði 6. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit.

Umhverfisstofnun getur falið öðrum framkvæmd hluta eftirlits í samræmi við 4. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 9. gr. í reglugerðinni.

Eftirlit felst m.a. í reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda, fyrirspurna og yfirferð gagna sem rekstraraðila ber að skila. Viðbótareftirlit getur m.a. farið fram vegna nýs búnaðar, vegna kvartana eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1.mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi sbr. 2. mgr. 18. gr. reglugerðarinnar.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun)

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt skal vera áætlun til staðar til þess að úrgangi, efnun, útbúnaði, tækjum, rekstrarsvæði, geymum, lögnum og menguðum jarðvegi verði ráðstafað á viðurkenndan hátt og annan frágang. Fjalla skal þar annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætluninni skal alltaf gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif.

Sé jarðvegur olíumengaður ber að meðhöndla hann á viðunandi hátt að mati heilbrigðisnefndar og á kostnað rekstraraðila. Um niðurrif og frágang gilda ákvæði 28. gr. reglugerðar nr. 884/2017.

Um niðurrif og frágang gilda ákvæði 28. gr. reglugerðar nr. 884/2017.

Rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila þegar ákvörðun liggur fyrir þannig að taka meggi út frágang. Þá skal tilkynna um það ef reksturinn hefur verið stórlega skertur, þó ekki sé talin þörf á að virkja áætlunina. Bilanir og viðhald telst ekki stórlega skertur rekstur.

Gera skal Slökkviliði Grundarfjarðar viðvart um stöðvunina um leið og eftirlitsaðila.

Tilkynna skal eftirlitsaðila og Slökkviliði Grundarfjarðar um gangsetningu hafi reksturinn legið niðri eða ef reksturinn er gangsettur eftir að hafa verið stórlega skertur.

1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti, sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Einnig er skylt að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti, sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 785/1999:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er sbr. gr. 1.4.
- Ef öryggi við rekstur krefst þess að önnur tækni sé notuð en upphaflega var miðað við í starfsleyfinu.
- Ef mengun af völdum rekstrarins er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út eða ef vart verður mengunar sem ekki var gert ráð fyrir við útgáfu leyfisins.
- Ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarnáttur eða annað sem snertir reksturinn.

Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

1.7 Valdsvið og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 til að knýja fram úrbætur.

Eftirlitsaðila er þannig m.a. heimilt að veita tilhlýðilega fresti til úrbóta og veita áminningu sbr. 1. og 2. tl. 1. mgr. 60. gr. laganna. Sinni rekstraraðili ekki fyrirmælum um úrbætur innan tiltekins frests er eftirlitsaðila heimilt sbr. 1. mgr. 61. gr. laganna að ákveða rekstraraðila dagsektir eða að láta vinna verk á kostnað rekstraraðila. Jafnframt er eftirlitsaðila heimilt sbr. 3. tl. 1. mgr. 60. gr. laganna, ef um alvarleg tilvik eða ítrekuð brot er að ræða, eða ef rekstraraðili virðir ekki fyrirmæli um úrbætur innan tiltekins frests, að stöðva eða takmarka starfsemi rekstraraðila, eða að afturkalla starfsleyfið.

Telji Umhverfisstofnun að um alvarlega hættu sé að ræða og aðgerð þoli enga bið, er stofnuninni heimilt að stöðva rekstur til bráðabirgða þegar í stað og tilkynna það heilbrigðisnefnd Vesturlands, sbr. 63. gr. laganna.

1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði í kafla XI í reglugerð nr. 785/1999 og upplýsingum um mengunarvarnaeftirlit í samræmi við kafla VI í reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit. Umhverfisstofnun birtir niðurstöður samkvæmt greinum 1.3. og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

2. STARFSHÆTTIR

2.1 Starfshættir og umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum og draga sem mest úr því álagi sem starfsemin veldur á umhverfið. Skal hann setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Skulu umhverfismarkmiðin endurskoðuð á fjögurra ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra.

2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

2.3 Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Starfsmenn og þjónustuaðilar, t.d. bílstjórar og vaktmenn, skulu vera þjálfaðir til að bregðast við mengunaróhöppum og hafa viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað sem gerir þá hæfa til vinnu í stöðinni.

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olúbirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hættu á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Fylgja skal ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017.

Rekstraraðili skal halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu og þar skulu ekki vera hlutir eða efni sem ekki tilheyrar starfsemi. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrífnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

Eintak af starfsleyfi þessu skal ávallt vera tiltækt á vinnustað ásamt afstöðumynd af birgðastöð, flæðiriti af stöðinni með merkingum geyma og lagna, viðbragðsáætlun og rekstrarhandbók.

Takmarka skal aðgengi að stöðinni og hafa með því eftirlit t.d. með girðingu eða hafa í henni eftirlitsmann eða -búnað. Ef birgðastöð er ekki mönnuð skal hindra aðgang óviðkomandi, t.d. með mannheldri girðingu, sbr. 7. grein reglugerðar nr. 884/2017. Tilkynna skal eftirlitsaðila um bilanir í eftirlitsbúnaði sé notast við slíka tækni.

2.4 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).

Velji rekstraraðili að reka innra eftirlit sem uppfyllir staðlaðar kröfur er eftirlitsaðila heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti og lækkar þá eftirlitsgjald sem því nemur, sbr. gr. 12.6 í reglugerð nr. 786/1999. Þá er heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti hjá atvinnurekstri sem er með innra eftirlit með ákveðnum eftirlitsþáttum sem eftirlitsaðili hefur samþykkt.

2.5 Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.B í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Viðbrögð skulu samræmast lögum um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995.

Viðbragðsáætlun skal endurskoða a.m.k. á fjögurra ára fresti. Hún skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila.

2.6 Viðbrögð við mengunaróhöppum

Viðbrögð við mengunaróhöppum skulu miðast við 21. gr. reglugerðar nr. 884/2017.

Verði óhapp sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.5. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

2.7 Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við 112.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hættu er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

Eftirlitsaðila er heimilt ef þörf er á að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun. Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

2.8 Trygging vegna bráðamengunar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, að jafnvirði 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004.

2.9 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrða sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarpáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota megri aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

3. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir og nýta orku vel. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færir á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal halda neikvæðum heildaráhrifum á umhverfið í lágmarki (samþættar mengunarvarnir). Besta aðgengilega tækni við geymslu efna, svo sem við geymslu olíubirgða, hefur verið skilgreind í „Reference Document on Best Available Techniques on Emissions from Storage, July 2006“.

Verði breytingar á bestu aðgengilegu tækni skulu þær taka gildi og innleiddar samkvæmt ákvæðum í grein 1.6.

3.2 Frágangur birgðageyma

Olúgeymar skulu vera í olíuheldri lekavörn, t.d. olíuheldri þró. Rúmtak lekavarnar skal vera sem hér segir: Fyrir einn geymi skal rúmtak lekavarnar vera meira en sem nemur 90% af rýmd geymis. Ef fleiri en einn geymir er í sömu lekavörn skal rúmtak lekavarnar vera meira en sem nemur 90% af rýmd stærsta geymis í

lekavörnninni að viðbættri rýmd annarra geyma í hæð lekavarnar. Lokunarbúnaður skal vera af viðurkenndri gerð og þannig staðsettur að ekki sé hætt á því að hann verði fyrir hnjaski.

3.3 Löndun olíu og áfylling flutningsgeyma

Til staðar skal vera útbúnaður á bryggjunni sem gagnast til að koma í veg fyrir olíuleka í sjó. Setja skal upp og fylgja verklagslagsreglum um löndun olíu, umgengni og viðhald áður nefnds búnaðar þar sem fram kemur hvernig öllum tengingum skal vera háttað og tryggt að olía sleppi ekki út í umhverfið.

Áfylling flutningsgeyma skal fara fram á olíuheldu áfyllingarplani með niðurfalli í lágsta punkti sem tengt er olíuskilju. Tengingar, úrtök og barkar skulu ekki leka. Koma skal í veg fyrir að geymar yfirfyllist, t.d. með viðeigandi tækjabúnaði og/eða verklagsreglum.

3.4 Geymsla og undantöppun úrgangsolíu

Undir úrgangsolíugeymum eða geymsluílátum skal vera olíuhelt plan tengt olíugildru. Sama gildir um undantöppun og áfyllingu íláta. Umhverfisstofnun getur heimilað geymslu og undantöppun úrgangsolíu innan þróar í stað olíuhelds plans ef ekki er um að ræða fyrirferðarmikla starfsemi sem dregur umtalsvert úr þróarrýminu.

3.5 Frárennsli

Frárennsli frá lekavörnum skal leitt í gegnum olíuskiljur utan lekavarnar. Olía í frárennsli má að hámarki vera 15 mg/kg. Nota skal sandföng og olíuskiljur eða annan búnað sem dugar til þess að ná þessum mörkum. Gerð skilju miðast við þá staðla sem reglugerð nr. 884/2017 kveður á um.

Virgni olíuskilja skal yfirfarin a.m.k. á sex mánaða fresti og þær tæmdar eftir þörfum (sandfang og olíuhólf). Fjarlægja skal olíu úr skilju ef olía fyllir meira en 25% af rúmtaki olíurýmis, og sand og leðju úr sandfangi ef magn fastefnis fer yfir 40% af vökvárummáli sandfangs. Frárennislagnir við þrær skulu vera með lokum sem hafðir eru lokaðir nema þegar hleypt er úr þeim, eða búnar sjálfvirkum lokum fyrir olíu.

3.6 Lekavarnir

Frágangur á geymum og lögnum skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 884/2017. Olíulagnir sem eru neðanjarðar, skulu vera tæringarvarðar.

Ofanjarðarlagnir skulu þannig frágengnar að hægt sé að kanna hvort þær leka ef þær eru ekki þrýstiprófaðar. Í viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.5, skal kveðið á um viðbrögð vegna leka, til dæmis um búnað og efni til hreinsunar olíu sem kann að leka út, t.d. ídræg efni (ísogsefni, uppþurrkunarefni), notkun á lekabyttum og verklag við að hreinsa olíu sem lekur eða smitast út.

3.7 Úrgangur

Dregið skal skipulega úr myndun úrgangs og úrgangi komið til endurnýtingar eða skipulagðrar förgunar. Spilliefni sem verða til við starfsemina skal skrá og skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. Úrgangsolía skal fara til samþykks móttökuaðila. Heimilt er að semja beint við aðila sem hefur heimild til nýtingar úrgangsolíu um móttöku á úrgangsolíu frá birgðastöðinni.

3.8 Hávaði og titringur

Rekstraraðili skal draga úr hávaða og titringi frá verksmiðjunni eins og kostur er, til dæmis með reglulegum úrbótaverkefnum, og tryggja að hávaði frá starfseminni sé í samræmi við töflu III í viðauka og önnur ákvæði reglugerðar nr. 724/2008, um hávaða.

Eftirfarandi aðgerðir eru dæmi um aðgerðir sem til greina gætu komið sem úrbótaverkefni sbr. 1. málsgrein:

- yfirfara starfshætti til að draga úr hávaða,
- gera skilrúm sem loka hávaða inni,
- tryggja að dyrum og gluggum sé lokað þegar hávaði er mestur.

3.9 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.

Sé þess kostur skal skipta út efnum eða efnablöndum sem eru talin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja viðbragðsáætlunum skv. grein 2.5.

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

4. INNRA EFTIRLIT OG VÖKTUN

4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með rekstarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirtalin atriði og skulu skráningar gerðar í rekstrarhandbók¹ og vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er:

- Viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði, þar með taldar þrær, olíuskiljur og yfirferð á virkni olíuskilja sbr. gr. 3.5.
- Eftirlit með úrtökum og lausum tengingum.
- Magn og gerð móttækinnar úrgangsolíu.
- Magn og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar.
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
- Þjálfun starfsmanna sbr. gr. 2.3.

4.2 Ýmsar eftirlitsmælingar

Eftirfarandi mælingar, skulu framkvæmdar af rekstraraðila eftir því sem við á og færðar í rekstrarhandbók:

- Mæla skal olíu í fráveituvatni, að lágmarki þriðja hvert ár en oftast ef vafi leikur á að kröfur í gr. 3.5 séu uppfylltar.
- Á 5 ára fresti skal þrýstiprófa niðurgrafnar olíulagnir og allar löndunarlagnir og löndunarbarka.²

¹ Rekstrarhandbók má vera rafræn.

² Ef staðlar krefjast tíðari prófana skal miða við kröfur sem þar koma fram.

- Lekavarnir skulu prófaðar ef ástæða þykir til að mati eftirlitsaðila.
- Botnar og þykkt neðsta umfars geyma skal mæld á minnst 10 ára fresti.

Þrýstiprófa skal olíulagnir í olíubirgðastöð eftir breytingar og viðgerðir. Niðurstöður mælinganna skulu færðar í rekstrarhandbók.

4.3 Rekstrarhandbók

Í olíubirgðastöðinni skal rekstrarhandbók vera aðgengileg fyrir starfsmenn og eftirlitsaðila. Í handbókina skal skrá á aðgengilegan hátt upplýsingar um eftirfarandi þætti: eftirlit, breytingar í stöðinni, athugasemdir starfsmanna og eftirlitsmanna um viðhald, ástand og tæmingu olíuskilju, þrýsti-, leka- og þéttiprófanir, þykktarmælingar og birgðauppgjör á mánaðarfresti, þjálfun starfsmanna svo og annað sem skiptir máli varðandi framkvæmd mengunarvarnaeftirlits.

4.4 Framkvæmd mælinga

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu.

5. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í 3. eftirlitsflokk skv. lið 24b í fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

6. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi og gildir til dd. mm 2034.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Reykjavík, dd. mm áááá

Umhverfisstofnun

Viðauki

Yfirlit yfir skiladaga:

Regluleg skil eru á mælikröfum, sbr. gr. 4.2:

- Mæla skal olíu í fráveituvatni, að lágmarki þriðja hvert ár en oftár ef vafi leikur á að kröfur í gr. 3.5 séu uppfylltar.
- Á 5 ára fresti skal þrýstiprófa niðurgrafnar olíulagnir og allar löndunarlagnir.
- Lekavarnir skulu prófaðar ef ástæða þykir til að mati eftirlitsaðila.
- Botnar og þykkt neðsta umfars geyma skal mæld á minnst 10 ára fresti.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og megintexta starfsleyfisins gildir megintextinn.

Fylgiskjal

Ákvörðun losunarmarka:

Í grein 3.5 er tilgreint að olía í frárennsli má vera að hámarki 15 mg/kg, sem er í samræmi við uppgöfin losunarmörk olíu í 20. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.